



Skoðunarhandbók þessi og skoðunarskýrsla eru ætluð til leiðbeiningar fyrir eiganda skemmtibáts og fulltrúa viðurkenndrar skoðunarstofu við milliskoðun á skemmtibát.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 1017/2003 um skoðanir á skipum og búnaði þeirra, með síðari breytingum, skulu viðurkenndar skoðunarstofur annast árlegar milliskoðanir á skemmtibátum, en eiganda skemmtibáts sem er styttri en 15 metrar að skráningarlengd er heimilt að annast milliskoðun á sínum skemmtibát, sé hann ekki notaður eða ætlaður til útleigu.

Upphafsskoðun er gerð af Siglingastofnun Íslands þegar skemmtibátur er tekinn á íslenska skipaskrá og er hún 1. reglubundna aðalskoðun bátsins. Síðan á fjögurra ára fresti á að fara fram reglubundin aðalskoðun á skemmtibát og skal hún framkvæmd af Siglingastofnun eða viðurkenndum skoðunaraðila. Þess á milli skulu gerðar árlegar milliskoðanir á skemmtibát sem eiganda skemmtibáts er heimilt að annast sjálfur, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. [1017/2003](#) um skoðanir á skipum og búnaði þeirra.

Hafi skemmtibátur orðið fyrir tjóni eða komi ljós við skoðun að tjón hafi orðið á skemmtibát sem krefst lagfæringa eða þegar óljóst er um umfang tjóns, skal eigandi greina frá slíku á skoðunarskýrslu til Siglingastofnunar Íslands og ávallt leita til viðurkenndrar skoðunarstofu. Skoðunarstofan skal leiðbeina og mæla fyrir um nánari skoðanir og nauðsynlegar viðgerðir, jafnframt skal hún hafa eftirlit með því að lagfæringar og viðgerðir séu fagmannlega unnar og í samræmi við reglur, venjur og hefðir.

Sama gildir ef gerðar hafa verið breytingar á skemmtibát frá því árleg milliskoðun eða reglubundin aðalskoðun fór síðast fram. Skal eigandi þá leita til viðurkenndrar skoðunarstofu með úttekt á slíkum breytingum til staðfestingar því að þær séu í samræmi við ákvæði laga og reglna, hafi það ekki verið gert þegar breytingarnar voru framkvæmdar.

Við milliskoðun á skemmtibát er eiganda heimilt að kalla til sér til aðstoðar hvern þann sem hann telur að geti liðsinnt sér við skoðunina og við mat á ástandi þeirra atriða sem skoðunin tekur til. Eigandinn er eftir sem áður ábyrgur fyrir því að ákvæðum laga og reglna sé fullnægt og að ástand skemmtibátsins, þá er skoðun fer fram, svari til þess sem fram kemur í skoðunarskýrslunni með hliðsjón af þeim leiðbeiningum og fyrirmælum sem fram koma í skoðunarhandbók þessari. Við milliskoðun skal allur búnaður sem lög og reglur mæla fyrir um að vera skuli um borð í skemmtibát vera til staðar og í því ástandi sem lög og reglur mæla fyrir um.

## **Skoðunarhandbók:**

Uppsetning í skoðunaratriðahluta handbókarinnar er þannig (frá vinstri til hægri):

**Reglugerð:** Tilvísun til kafla í reglugerðarbók sem inniheldur viðkomandi laga- eða reglugerðaákvæði..

**Túlkun:** Tilvísun til kafla í umburðarbréfi eða verklagsreglu sem inniheldur túlkanir á reglugerðum, í staðla eða ákvæði um frávik frá meginreglu.

**Verklýsing:** Tilvísun til kafla í umburðarbréfi eða verklagsreglu sem inniheldur verklýsingu vegna skoðunar á viðkomandi skoðunarþætti.

**Upplýsingar:** Upplýsingar um gildistökudag ákvæðis, ritað "dd/mm/áááá", sem á við um viðkomandi búnað, ef skipið er smíðað eða því breytt eftir gildistöku viðkomandi reglu.

**Skilgreiningar á dæmingum:** Hér eru færðar niðurstöður skoðana á viðkomandi skoðunarþáttum í samræmi við kröfu í reglum eða leiðbeiningum skoðunarhandbókar.

**Aðferð:** Hér er mælt fyrir um þá aðferð sem beita skal þegar viðkomandi skoðunarþáttur er metinn. Skoðun ákvæðis atriðis getur samanstaðið af fleiri en einni skoðunaraðferð.

Bókstafur gefur til kynna hvaða aðferðum skuli beitt:

H: Hljóðskoðun M: Mæling

K: Átaksskoðun S: Sjónskoðun



L: Lyktarskoðun V: Virkniathugun

Við **hljóðskoðun og lyktarskoðun** er ástand viðkomandi búnaðar eða hluta skips metið með því að hlusta eftir óeðlilegu hljóði og finna óeðlileg lykt.

Með **sjónskoðun** er átt við mat á sýnilegu ástandi að svo miklu leiti sem við verður komið, án þess að taka hlutinn í sundur. Oft getur hins vegar þurft að fjarlægja hluti til þess að komast að til skoðunar.

Við **átaksskoðun** er handafla eða vogarafla beitt á viðkomandi búnað og ástand hans metið. Athugað er hvort ástand búnaðarins eða stilling hans verði óeðlileg þegar afli er beitt.

Við **mælingu** er notað mælitæki til að ákveða dæmingu viðkomandi atriðis. Mælitæki getur verið þykktarmælir, málband o.fl.

Við **virknithugun** er búnaðurinn gangsettur eða tekinn í notkun, honum beitt á eðlilegan hátt og virkni viðkomandi búnaðar könnuð.

**Forsenda dóma:** Forsendu dóma er hér lýst. Dagsetningar eru ritaðar með sama hætti hér og í kaflanum um skilgreiningu á dæmingum.

**Sérmerkingar:** Í þessum dálki eru sérmerkingar. Eigandi eða skoðunarstofa skal ekki skrá í þennan dálk.

## Skoðunarskýrsla:

Skoðunarskýrslan er gátlisti yfir þau skoðunatriði sem taka skal til skoðunar við milliskoðun á skemmtibát. Færa skal niðurstöður skoðunar á skoðunarskýrslu sem hægt er að nálgast á heimasíðu Siglingastofnunar, [www.sigling.is](http://www.sigling.is).

"Árleg skoðun" er sú milliskoðun sem fer fram árlega til endurnýjunar á haffærisskírteini og sem er fullnægjandi, ef ástand skemmtibáts er með þeim hætti að það samræmist að fullu og öllu leyti því sem lög og reglur mæla fyrir um. Komi í ljós að ástand skemmtibáts svari ekki að öllu leiti til gildandi reglna, skal eigi að síður senda skoðunarskýrslu til Siglingastofnunar, sem tekur afstöðu til viðkomandi athugasemda og veitir, þegar slík er heimilt, frest til þess að lagfæra þau atriði sem ekki teljast vera í samræmi við reglur. Þegar eigandi skemmtibáts hefur lagfært þau atriði sem ekki reyndust í fullkomnu samræmi við lög og reglur þegar árlega skoðunin fór fram, fyllir hann eða viðurkennd skoðunarstofa út nýja skoðunarskýrslu og merkir við "endurskoðun". Með endurskoðun er átt við skoðun á útstandandi atriðum sem lagfærð hafa verið og þá merkir eigandi eða fulltrúi viðurkenndrar skoðunarstofu aðeins við þau skoðunatriði sem ekki voru án athugasemda við "árlegu skoðunina".

Hvort heldur um er að ræða "árlega skoðun" eða "endurskoðun", er nauðsynlegt að fylla út eftirfarandi reiti á skoðunarskýrslunni:

Skipaskrárnúmer

Hvort um er að ræða "árlega skoðun" eða "endurskoðun"

Nafn skemmtibáts

Heimahöfn

Skráningarlengd samkvæmt mælibréfi

Hvar skoðunin fer fram

Dagsetningu skoðunar

Nafn eiganda

Símanúmer

Netfang

Við hvert skoðunatriði sem við á skal merkja með krossi, "x" í reit 0,1,2 eða 3 eftir því sem við á. Færa skal það hæsta gildi sem fram kemur við skoðun á viðkomandi skoðunatriði með því að fara að leiðbeiningum skoðunarhandbókarinnar. Í reit fyrir athugasemdir neðst á skoðunarskýrslunni skal tilgreina hvaða skoðunatriði, eitt eða



fleiri, hafi fengið einkunn 1, 2 eða 3. Ekki má færa inn dæmingar í skyggða reiti. Þegar ekki er krafa um viðkomandi búnað eða atriði eða þegar viðkomandi atriði á ekki við, skal setja lárétt strik -- í reit númer 0, sem táknar að viðkomandi atriði eigi ekki við þennan skemmtibát. Ef hæsta dæming er "1", er veittur frestur í allt að 7 daga til að lagfæra viðkomandi atriði. Ef hæsta dæming er "2" skal eigandi tilgreina í athugasemdum þann frest sem hann telur sig þurfa til að lagfæra þau atriði sem skoðun hefur leitt í ljós að þurfi nánari skoðunar við.

Siglingastofnun færir inn í reitinn "Niðurstöður skoðunar" í samræmi við útfyllingu reita þó þannig að fært sé niður hæsta gildið af dæmingum 0-3. Ef um er að ræða dæmingu 2 samkvæmt skoðunarskýrslu, getur Siglingastofnun heimilað útgáfu haffærisskírteinis til bráðabirgða, en við mat á gildistíma skal taka afstöðu til óska eiganda eða viðurkenndrar skoðunarstofu um frest til lagfæringa, en þó aldrei til lengri tíma en 3ja mánaða.

Eigandi skemmtibáts eða fulltrúi skoðunarstofu skal síðan undirrita skoðunarskýrsluna því til staðfestingar að hann hafi framkvæmt milliskoðun á viðkomandi skemmtibát, að í skoðunarskýrslu sé réttilega greint frá ástandi skemmtibátsins og búnaðar hans samkvæmt þeim leiðbeiningum sem fram koma í skoðunarhandbókinni. Þegar um er að ræða rafræn skil á skoðunarskýrslu telst rafræn sending skýrslunnar ígildi undirskriftar.



8101 Ástand bols og yfirbyggingar			Allir bátar - Þilför og yfirbyggingar	8101 Ástand bols og yfirbyggingar			
Reglugerð	Túlkun Verklýsing	Upplýsingar	Skilgreiningar á dæmingum	Aðferð	Forsenda dóma / dæmi	Sérm.	Dæming
2.2.1.2 592/1994 gagnvart skemmtibátum sem ekki eru CE- merktir <a href="#">S-18</a> / <a href="#">S-21</a> <a href="#">S-22</a> gr. 6-16	Þilför og yfirbyggingar skulu vera heilar og vatnsþéttar þannig að þau þoli sjó, ágjöf og veður.  VLR. 25.04.01.02.02	Gildistaka 30/11/1994	Þilför og yfirbyggingar ásamt burðarvirkjum þeirra skulu vera heil.	S	Áverkar, sprungur eða óðlilegt slit.		2
			Lúgur og hurðir skulu vera þéttar og auðopnanlegar. Búnaður sem pressar lúgur, glugga og hurðir að þéttikanti skal vera í lagi.	S	Hurð /lúga, án lokunar.		3
2.2.1.10 <a href="#">168/1997</a> m.s.b. gagnvart skemmtibátum sem eru CE- merktir.		Gildistaka 22/01/1997	Þar sem hurðir og lúgur (útgönguleiðir / neyðarútgangar) eru læsanlegar skulu þær ávallt vera opnanlegar innan frá. Hafa ber í huga að útgönguleiðir mega ekki lokast vegna elds frá eldhúsi / eldunaraðstöðu.	S	Hurð/ lúga föst, illopanleg.		2
				S	Hurð/ lúga/gluggi, óþétt.		2
				S	Ekki hægt að opna innan frá.		2
				S	Festartæki skulu vera heil og þau tryggilega fest.		3
				S	Þilför og festingar undir festartækjum skulu vera heil.		2
				S/K	Handföng, handrið og borðstokkar skulu vera tryggilega fest og vera í lagi.		3
	S	Frágangur við austurop / einstefnuloka skal vera þannig að sjór geti flætt óhindrað út um þau.		2			
				S	Festingar ófullnægjandi. Áverkar, sprungur eða aðrar skemmdir sýnilegar.		3
				S	Frágangur ófullnægandi / einstefnulokar ekki í lagi.		3

**Ábending.**

- A.m.k. eitt festartæki skal vera að framan og annað að aftan. **Framhald á næstu síðu.**



8101 Ástand bols og yfirbyggingar			Plastbátar	8101 Ástand bols og yfirbyggingar			
Reglugerð	Túlkun Verklýsing	Upplýsingar	Skilgreiningar á dæmingum	Aðferð	Forsenda dóma / dæmi	Sérm.	Dæming
2.2.1.2 592/1994 gagnvart skemmtibátum sem ekki eru CE- merktir <a href="#">S-18</a> / <a href="#">S-21</a> <a href="#">S-22</a> gr. 6-16	VLR. 25.04.01.02.02	Gildistaka 30/11/1994	Bolur skal vera heill og vatnspéttur þannig að báturinn þoli sjó, ágjöf og veður.	S	Bolur alvarlega skemmdur.		3
			Til skemmda teljast sprungur og rispur í slithúð þar sem sjór á greiða leið inn í trefjar.	S	Minniháttar rispur sem ná inn í trefjar.		2
2.2.1.10 <a href="#">168/1997</a> m.s.b. gagnvart skemmtibátum sem eru CE- merktir.		Gildistaka 22/01/1997	Einnig teljast til skemmda bólur/blöðrur á bol.	S	Bólur/blöðrur á bol.		3
			Allar samsetningar og tengingar skulu vera heilar og órofnar.	S	Samsetning við styrkingu laus á lengri en 10 cm kafla.		3
				S	Samsetning við styrkingu laus á stuttum kafla.		2
			Sérstaklega skal huga að hárfínnum sprungum eða losi, við samsetningar við þil, bönd, vélaundirstöðu og langstyrkingar.	S	Hárfínar stuttar sprungur (1-5 cm).		2

**Ábendingar. Framhald á næstu síðu.**

- Komist sjór inn í trefjar mun hann valda skemmdum á bolnum.
- Hárfínar langar sprungur eru oft afleiðing af árekstrum eða vegna mikils stöðugs álags og eru iðulega ábending um stærri skaða.
- Verði vart við los eða sprungur í styrktarbitum eða tengingum þeirra við bol eða þilfar, eða verði vart við mikla þynningu á slithúð, skal fara fram ítarlegri skoðun.



8101 Ástand bols og yfirbyggingar			Tréskip	8101 Ástand bols og yfirbyggingar			
Reglugerð	Túlkun Verklýsing	Upplýsingar	Skilgreiningar á dæmingum	Aðferð	Forsenda dóma	Sérm.	Dæming
2.2.1.2 592/1994 <a href="#">S-25</a> gr. 13. - 18.  2.2.1.10 <a href="#">168/1997</a> m.s.b.	VLR. 25.04.01.02.02	Gildistaka 30/11/1994  Gildistaka 22/01/1997	Bolur skal vera heill og vatnsþéttur þannig að báturinn þoli sjó, ágjöf og veður.	S	Bolur alvarlega skemmdur.		3
			Að innan skal burðarvirkið, þ.e þil, bönd, bitar, hné, m.m, vera heilt og án alvarlegra áverka.	S/M	Alvarlegir áverkar á burðarvirki.		3
			Skemmd telst m.a. vera ef borð í súðinni er brotið, sprungið, rífið, eða á því áverki, sem getur valdið leka.	S	Borð skemmd.		3
			Mesta leyfilega rýrnun efnis í bol og þilfari ásamt tilheyandi burðarvirkjum er 20% frá upprunalegri þykkt sem krafist er samkvæmt reglum.	S/M	Rýrnun yfir 20%.		3
			Skemmd af völdum fúa. Fúi leynist stundum undir upphleyptri eða sprunginni málningu.	S/K	Borð skemmd.		3
			Skemmd af völdum maðks.	S/K	Borð skemmd.		3
			Skemmd af völdum tréátu.	S/K	Borð skemmd. Göt í súðinni.		3 3

**Ábendingar Framhald á næstu síðu.**

- Maðkur er mjög hættulegur tréskipum og vont að sjá hann, ef hann er ekki hafður sérstaklega í huga við skoðunina. Hann myndar örlítill göt á súðinni að utan, sem stækka því meir sem maðkurinn vex inn í tréð.
- Tréáta borar sig inn í tréð og verður 6 mm langur, hann er 1-2 mm sver og er í flokkum svo þéttum að veggirnir á milli þeirra eru aðeins brot úr mm að þykkt.



8101 Ástand bols og yfirbyggingar			Stálskip	8101 Ástand bols og yfirbyggingar			
Reglugerð	Túlkun Verklýsing	Upplýsingar	Skilgreiningar á dæmingum	Aðferð	Forsenda dóma	Sérm.	Dæming
2.2.1.2 592/1994 <a href="#">S-23</a> gr. 4. - 8.  2.2.1.10 <a href="#">168/1997</a> m.s.b.	VLR. 25.04.01.02.02	Gildistaka 30/11/1994  Gildistaka 22/01/1997	Bolur skal vera heill og vatnsþéttur þannig að báturinn þoli sjó, ágjöf og veður.	S	Bolur alvarlega skemmdur.		3
			Að innan skal burðarvirkið, þ.e þil, bönd, bitar, hyrnur m.m, vera heilt og án alvarlegra áverka.	S/M	Alvarlegir áverkar á burðarvirki.		3
			Mesta leyfilega dýpt dældar, „f“ í plötu, án þess að viðgerðar sé krafist er 1/12 af bandabili.	M	Dæld yfir mörkum, sprungur eða skörp brot í efni.		3
				M	Dæld yfir mörkum, en án sprungna og skarpra brota.		2
			Mesta leyfilega rýrnun efnis í bol og þilfari ásamt tilheyandi burðarvirkjum er 20% frá upprunalegri þykkt sem krafist er samkvæmt reglum.	S/M	Rýrnun yfir 20%.		3
Rispur í byrðingsplötum skal meðhöndla á sama hátt og um pittæringu væri að ræða.	M	Rispur yfir mörkum.		2			

Framhald á næstu síðu.



8101 Ástand bols og yfirbyggingar			Álskip	8101 Ástand bols og yfirbyggingar			
Reglugerð	Túlkun Verklýsing	Upplýsingar	Skilgreiningar á dæmingum	Aðferð	Forsenda dóma	Sérm.	Dæming
2.2.1.2 592/1994 <a href="#">S-24</a> gr. 4. - 8.	VLR. 25.04.01.02.02	Gildistaka 30/11/1994	Bolur skal vera heill og vatnspéttur þannig að báturinn þoli sjó, ágjöf og veður.	S	Bolur alvarlega skemmdur.		3
2.2.1.10 <a href="#">168/1997</a> m.s.b.		Gildistaka 22/01/1997	Að innan skal burðarvirkið, þ.e þil, bönd, bitar, hýrnur m.m, vera heilt og án alvarlegra áverka.	S/M	Alvarlegir áverkar á burðarvirki.		3
			Mesta leyfilega dýpt dældar, „f“ í plötu, án þess að viðgerðar sé krafist er 1/12 af bandabili.	M	Dæld yfir mörkum, sprungur eða skörp brot í efni.		3
				M	Dæld yfir mörkum, en án sprungna og skarpra brota.		2
			Mesta leyfilega rýrnun efnis í bol og þilfari ásamt tilheyandi burðarvirkjum er 20% frá upprunalegri þykkt sem krafist er samkvæmt reglum.	S/M	Rýrnun yfir 20%.		3
			Rispur í byrðingsplötum skal meðhönd á sama hátt og um pitttæringu væri að ræða.	M	Rispur yfir mörkum.		2





8102 Ástand öxuls og skrúfu			Bátar með innanborðsvél, hefðbundin skrúfubúnaður og skrúfubúnaður í [hengslum]	8102 Ástand öxuls og skrúfu			
Reglugerð	Túlkun Verklýsing	Upplýsingar	Skilgreiningar á dæmingum	Aðferð	Forsenda dóma/ dæmi	Sérm.	Dæming
2.2.1.2 <a href="#">592/1994</a> gagnvart skemmtibátum sem ekki eru CE-merktir	Skoða skal ástand skipsskrúfu, skrúfuáss og skrúfubúnaðar þar með talin öxulhengsli og festingar þeirra.	Gildistaka 30/11/1994	Skrúfur og skrúfublöð skulu vera heilar og án alvarlegra skemmda	S	Skrúfa/skrúfublöð mikið tærð, skemmd eða sprungin		3
	2.2.1.10 <a href="#">168/1997</a> m.s.b. gagnvart skemmtibátum sem eru CE-merktir.	Gildistaka 22/01/1997	Ganga úr skugga um að zink-anóður séu á skrúfu (skrúfubúnaðinum) eins og til er ætlast.	S	Vantar zink-anóður.		3
	Skoða skal hvort skrúfa hefur orðið fyrir tjóni, hvort hún sé tærð, aflöguð eða skemmd.	Áverki á skrúfu veldur titringi í skrúfubúnaði og getur valdið skemmdum á fódringum og legum.	Öxulhengsli og festingar þeirra skulu vera heil. Engar sprungur skulu vera á bol næst öxulhengsli.	S	Öxulhengsli og festingar laus eða skemmd.		3
	Skoða skal ástand öxla og skutlega eftir því sem við verður komið.	Lyfta skal undir skrúfuhous og athuga hvort slit er í skrúfuás eða stefniröri. Slitfletir (legufletir) skrúfuáss skulu vera heilir.	Legur skulu vera heilar, órifnar og án aðskotahluta.	S	Mikið hlaup/slit á skrúfuás		3
	Kanna skal ástand skrúfuása með tilliti til tæringar og útfellinga í leguflögum. Kanna skal hvort girni, tóg eða aðskotahlutir hafi farið inn með skrúfuöxli og orðið sambráðið gúmmílegu.	Myndist tæring eða útfellingar á slitfleti skrúfuáss geta orðið miklar skemmdir á legum eða fódringum á stuttum tíma.		S	Mikil tæring/útfelling á skrúfuás.		3
				S	Skemmd á legum.		3

Framhald á næstu síðu.



8103 Ástand stýrisbúnaðar			8103 Ástand stýrisbúnaðar				
Reglugerð	Túlkun Verklýsing	Upplýsingar	Skilgreiningar á dæmingum	Aðferð	Forsenda dóma/dæmi	Sérm.	Dæming
2.2.1.2 <a href="#">592/1994</a> gagnvart skemmtibátum sem ekki eru CE- merktir	Skoða skal stýri og stýrisbúnað og kanna virkni hans.	Gildistaka 30/11/1994	Frágangur telst ófullnægjandi ef mikið los/hlaup er á stýri eða stýrisbúnaði. Allar festingar skulu vera heilar og tryggar.	S	Óeðlilegt los eða hlaup í stýrisbúnaði.		3
	Skoða skal tengingu stýrisáss við stýrisblað og þar sem það á við hæltaþappa.	Gildistaka 22/01/1997	Vökvakerfi skal vera heilt og án leka.	S	Festingar á stýri og stýrisbúnaði ekki í lagi		3
2.2.1.10 <a href="#">168/1997</a> m.s.b. gagnvart skemmtibátum sem eru CE- merktir.	Skoða skal tengingar fjarstýribúnaðar við stýrisás.		Barka- eða vírakerfi til fjarstýringar á vélbúnaði skal vera lipurt og án óeðlilegs hlaups/slits. Tenging barka- eða vírakerfis við stýristjakk skal vera traust.	S	Leki eða verulegt smit í vökvakerfi		3
	Skoða skal stýri og stýrisás/stýrishjarir Kanna skal slit og vanstillingu í stýrisbúnaði.		Taka skal á stýrisblöðum og kanna slit í stýrisás/hjörum, legum, og þar sem það á við tæringu í festarboltum hjara.	S	Óeðlilegt/mikið slit/hlaup í barka- eða vírakerfi.		3
			Tengingar stýristjaksks við stýrisás skulu vera tryggar og heilar. Huga skal að veltilegum á vökvatjakk.	S	Tenging barka- eða víra- stýris við stýristjakk í ólagi		3
			Tenging stýrisblaðs við stýrisás skal vera þannig að boltar losni ekki við titring (splittaðir, soðnir , eða sambærilegt).	S	Óeðlilegt/mikið slit í hjörum eða legum.		2
	Kanna skal þéttleika stýrisblaðs.	Leki inn í stýrisblað getur valdið skemmdum á festingum stýrisáss við stýri.	Í bátum með samsettu stýri skal leita að sprungum við stýrisás og hæltaþappa, svo og að ummerkjum um leka frá stýrisblaði.	S	Tenging stýristjaksks við stýrisán ófullnægjandi		3
			Hæltappi og fóðring hans skal vera heill og óskemmdur.	S	Boltar lausir eða brotnir		3
				S	Leki að stýrisblaði		2
				S	Óeðlilegt slit í hæltaþappa og fóðringu.		3



8104 Ástand opa í bol og lokar þeirra.			8104 Ástand opa í bol og lokar þeirra.				
Reglugerð	Túlkun Verklýsing	Upplýsingar	Skilgreiningar á dæmingum	Aðferð	Forsenda dóma/ dæmi	Sérm.	Dæming
2.2.1.2 <a href="#">592/1994</a> gagnvart skemmtibátum sem ekki eru CE- merktir	Skoða skal gegnumtök og loka allra botnloka, síðuloka og frágang þeirra.	Gildistaka 30/11/1994	Allir handvirkir lokar skulu prófaðir og skulu þeir vera liðugir.	S	Loki fastur.		3
			Handföng skulu vera þannig fest við lokanna að þau losni ekki við notkun.	S	Handfang laust.		2
2.2.1.10 <a href="#">168/1997</a> m.s.b. gagnvart skemmtibátum sem eru CE- merktir.	Skoða skal austurop í síðum og þar sem það á við klapploka þeirra.	Gildistaka 22/01/1997  <b>Sjá upplýsingar í handbók eiganda.</b>	Leita skal að ummerkjum um leka, tæringu eða aðra galla. Komi fram leki eða tæring, skal skipta um gegnumtökin eða þau löguð.	S	Merki um leka við gegnumtak í botni.		3
			Sjór skal geta runnið óhindrað út um öll austurop. Búnað eða annað sem kemur í veg fyrir að sjór geti streymt út um austurop skal fjarlægja.	S	Austurop lokuð eða rennsli um þau heft.		2
			Frárennsli frá brunnnum / (cokpit), sjór / vatn skal geta runnið óhindrað út. Prófa með vatni til að ganga úr skugga um að svo sé.	S	Lögn frá brunni lokuð/stífluð.		2

ATH. Botnlakar og gegnumtök þeirra skal losa upp og skoða í aðalskoðun



8201 Frágangur vélar og ástand			Innanborðsvél	8201 Frágangur vélar og ástand			
Reglugerð	Túlkun Verklýsing	Upplýsingar	Skilgreiningar á dæmingum	Aðferð	Forsenda dóma/dæmi	Sérm.	Dæming
<p>2.2.1.2 <a href="#">592/1994</a> gagnvart skemmtibátum sem ekki eru CE-merktir</p> <p>2.2.1.10 <a href="#">168/1997</a> m.s.b. gagnvart skemmtibátum sem eru CE-merktir.</p>	<p>Aðalvél skal vera samkvæmt skipaskrá.</p> <p>Skoða skal eftir því sem við verður komið ástand á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>vél(um)</li> <li>vélaundirstöðum</li> <li>festingum véla við undirstöður</li> <li>mótorpúðum</li> <li>festiboltum og róm</li> </ul> <p>Skoða skal ástand og tengingar á eftirfarandi lögnum að og frá vél / vélum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>úblásturs-,</li> <li>kælivatns-,</li> <li>eldsneytis-,</li> <li>raf-</li> </ul>	<p>Gildistaka 30/11/1994</p> <p>Gildistaka 22/01/1997</p> <p>Raflagnir, tengingar þeirra og frágangur skal vera þannig að ekki stafi hætta af. Vírar skulu varðir kápu og allar tengingar rafbúnaðar skulu vera traustar og heilar. Leita skal ummerkja um ofhitnum lagna og búnaðar.</p>	<p>Aðalvél skal vera samkvæmt skipaskrá og vera í lagi.</p> <p>Gangsetja skal aðalvél.</p>	S	Skráð vél ekki um borð.		3
			V	Vél ógangfær		3	
			S	Sprungur í vélaundirstöðum eða tengingu við bol.		3	
			S	Skemmdir/lausir.		3	
			S	Frágangur ófullnægjandi, boltar/rær lausir, skemmdir.		3	
			S	Frágangur ófullnægjandi, sprungur / leki á lögn.		3	
			S	Frágangur ófullnægjandi, leki á lögn / leki með dælu.		3	
			S	Lagnir og búnaður ófullnægjandi.		3	
			S	Ekki í lagi, leki á lögn.		2	
			S	Einangrun ófullnægjandi.		2	
S	Loftflæði skert t.d með lokun að innan.		2				
S/P	Blásari ekki virkur.		2				

Framhald á næstu síðu



8202 Stjórnbúnaður vélar / skrúfubúnaður			8202 Stjórnbúnaður vélar / skrúfubúnaður				
Reglugerð	Túlkun Verklýsing	Upplýsingar	Skilgreiningar á dæmingum	Aðferð	Forsenda dóma/dæmi	Sérm.	Dæming
2.2.1.2 <a href="#">592/1994</a> gagnvart skemmtibátum sem ekki eru CE- merktir	Skoða skal ástand og tengingar stjórn- búnaðar vélar / gírs / hældrifs / flapsa við: <ul style="list-style-type: none"><li>• stjórnþæki</li><li>• vél / gír</li><li>• hældrif</li><li>• flapsa (trim)</li></ul>	Gildistaka 30/11/1994	Kanna skal með prófunum að stjórnbúnaður véla frá stýrishúsi (stjórnstað) virki eðlilega. Breytingar á stillingu stjórnþækja skulu skila sér rétt til vélar.	S/V	Virkar ekki fullnægjandi.		3
		Gildistaka 22/01/1997	Festingar stjórnþæki við vél og stjórnþæki skulu vera heilar og óskemmdar. Kanna skal los/hlaup í festingum milli stjórnþækja og vélar.	S	Færslur skila sér ekki, (þvingun /stirðleiki).		3
2.2.1.10 <a href="#">168/1997</a> m.s.b. gagnvart skemmtibátum sem eru CE- merktir.	Prófa skal stjórnþæki til fullvissunar um að þau virki eins og til er ætlast.		Stjórnþæki skulu lagðir þannig að þeir geti ekki orðið fyrir skemmdum við eðlilega notkun bátsins.	S	Festingar lítilega skemmdar.		2
			Mælur / viðvörðun vegna vélbúnaðar / stjórnþæki sem eru um borð svo sem <ul style="list-style-type: none"><li>- snúningshraðamælir aðalvéla,</li><li>- smurolúþrýstingsmælir aðalvéla,</li><li>- hitamælir fyrir kælivatni aðalvéla,</li><li>- magnmælir eldsneytis,</li><li>- staða á trimmi.</li></ul> skulu vera auðsjánlegir frá stjórnstað og virka eðlilega.	S	Los í festingum þæki milli stjórnþækja og vélar.		2
					Mælur / viðvörðun vegna vélbúnaðar / stjórnþæki sem eru um borð svo sem <ul style="list-style-type: none"><li>- snúningshraðamælir aðalvéla,</li><li>- smurolúþrýstingsmælir aðalvéla,</li><li>- hitamælir fyrir kælivatni aðalvéla,</li><li>- magnmælir eldsneytis,</li><li>- staða á trimmi.</li></ul> skulu vera auðsjánlegir frá stjórnstað og virka eðlilega.	S/V	Virkar ekki.



8203 Eldsneytiskerfi			8203 Eldsneytiskerfi				
Reglugerð	Túlkun Verklýsing	Upplýsingar	Skilgreiningar á dæmingum	Aðferð	Forsenda dóma	Sérm.	Dæming
2.2.1.2 <a href="#">592/1994</a> gagnvart skemmtibátum sem ekki eru CE-merktir	Skoða skal eftir því sem hægt er ástand:	Gildistaka 30/11/1994	Ástand, hreinleiki og festing á eldsneytisgeymum skal vera í lagi (opna / hreinsa ef þurfa þykir). Færanlegir geymar skulu skorðaðir tryggilega.	S	1. Skemmdir sýnilegar. 2. Óhreinindi í geymi. 3. Færanlegur geymir laus.		3 1 3
2.2.1.10 <a href="#">168/1997</a> m.s.b. gagnvart skemmtibátum sem eru CE-merktir.	<ul style="list-style-type: none"> <li>eldsneytisgeyma, öndun þeirra og áfyllingu,</li> <li>loks á skoðunar- og hreinsilúgu geyma með tilliti til þéttleika.</li> <li>loka á eldsneytislögn</li> <li>eldsneytislagna og tengingu þeirra.</li> <li>eldsneyissíu / vatnsskilju.</li> </ul> <p>Færanlegir eldsneytisgeymar skulu skorðaðir tryggilega þannig að þeir geti ekki kastast til ef báturinn fær mikla slagsíðu eða heggur á báru.</p> <p>Séu 4 ár eða lengra liðið frá því að eldsneytisgeymir var síðast hreinsaður, skal opna hann og ástand kannað og eftir atvikum tæmdur og hreinsaður.</p>	Gildistaka 22/01/1997  <b>Staðall:</b> <b>ÍST EN ISO 10088:2001</b>  <b>Sjá upplýsingar um kerfið í handbók eiganda.</b>	Áfylli- og öndunarlagir og tengingar þeirra við eldsneytisgeymir skulu vera heilar og traustar.  Lok á áfyllingu eldsneytisgeymis skal vera þétt og í lagi. Lok á skoðunar- og hreinsilúgu eldsneytisgeymis skal vera heilt og þétt. Eldsneytisgeymar skulu búnir magnmælingu og skal tenging við geyminn vera þétt og í lagi..  Loki á eldsneytisgeymi / -lögn skal vera vera til staðar og vera heill og hreyfast eðlilega.  Eldsneytislagnir / samtengingar skulu vera heilar og traustar.  Lokar á eldsneytislögnum skulu vera heilir og hreyfast eðlilega.  Eldsneytissía á öllum vélum og vatnsskilja á dieselvélum skal vera til staðar og í lagi.	S S S S S/V S S/V S	Ekki í lagi, merki um smit.  Ekki í lagi, sprungið / óþétt.  Ekki í lagi, merki um smit.  Vantar, virkar ekki. Ekki í lagi, merki um smit.  Vantar, ekki í lagi.  Lagnir lekar / tengingar ófullnægjandi.  Ekki í lagi, fastir, stirðir.  Vantar, ekki í lagi / ekki hægt að hleypa undan vatni.		3 3 3 2 3 3 3 2



8204 Kælivatnskerfi			8204 Kælivatnskerfi				
Reglugerð	Túlkun Verklýsing	Upplýsingar	Skilgreiningar á dæmingum	Aðferð	Forsenda dóma/dæmi	Sérm.	Dæming
2.2.1.2 <a href="#">592/1994</a> gagnvart skemmtibátum sem ekki eru CE- merktir	Kælivatnskerfi véla og útbásturs (sjókæling).  Skoða skal, það sem við á, ástand:  <ul style="list-style-type: none"> <li>• sjóinntaka,</li> <li>• loka,</li> <li>• sjósía / -sigta,</li> <li>• lagna,</li> <li>• tengingu lagna,</li> <li>• sjókæla,</li> <li>• útbásturskerfi (blautpúst).</li> </ul>	Gildistaka 30/11/1994  Varðandi inntök og loka sjá <b>„8104 Ástand opa í bol og lokar þeirra“</b> Gildistaka 22/01/1997  <b>Sjá upplýsingar um kerfið í handbók eiganda.</b>	Kælivatnsinntök (sjóinntök) skulu búin sigti / síu og vera hrein þannig að ekkert hindri eðlilegt aðstreymi að kælikerfi vélar.  Lokar kælivatnsinntaks (sjóinntaks) skulu vera heilir og hreyfast eðlilega.  Kælivatnslagnir skulu vera heilar.  Tengingar kælilagna skulu vera traustar.  Kælivatnsdælur skulu vera í lagi og vinna eðlilega.  Sjókælir (varmaskiptir) skal vera heill og vinna eðlilega..  Sjókælikerfi útblásturs (blautpúst) skal vera heilt og vinna eðlilega.	S  S/V  S  S  S/V  S/V	Óhreinindi hindra inntak (innstreymi).  Fastir, stirðir, tærðir, handföng brotin / laus.  Lagnir lekar, skemmdar.  Tengingar ófullnægjandi, hosuklemmur skemmdar.  Ekki í lagi, merki um leka.  Merki um leka, hindrun á flæði.  Hindrun á flæði kælivatns með útblæstri.		3  3  3  3  3  3

**Ábendingar**

- Í sjókældum vélum skal athuga með zink-anóður og skipta um ef ástæða þykir til.
- Mælt er með að slöngur í sjólögnum séu endurnýaðar: plast- á 5 ára fresti og gúmmí- á 10 ára fresti.
- Slöngur skulu festar með minnst 2 hosuklemmum.
- Ráðlegt er að skipta um kælivökva í lokuðu kerfi hvert 3ja ár.



8205 Gaskerfi / gasbúnaður			8205 Gaskerfi / gasbúnaður				
Reglugerð	Túlkun Verklýsing	Upplýsingar	Skilgreiningar á dæmingum	Aðferð	Forsenda dóma/dæmi	Sérm.	Dæming
2.2.1.2 <a href="#">592/1994</a> gagnvart skemmtibátum sem ekki eru CE- merktir	Skoða skal og prófa gaskerfi í samræmi við viðauka C í staðli: <b>ÍST EN ISO 10239:2000</b>	Gildistaka 30/11/1994	Gaskútar skulu vera staðsettir og tryggilega fastir í þar til gerðu rými sem er með loftræstiopum og frárennsli út úr bátnum, þannig að gas geti ekki komist inn í bátinn.  Þrýstijafnarar og öryggisbúnaður skulu vera staðsettir og rétt frágengnir í sama rými og kútarnir.	S	Frágangur ófullnægjandi.		3
2.2.1.10 <a href="#">168/1997</a> m.s.b. gagnvart skemmtibátum sem eru CE- merktir.		Gildistaka 22/01/1997  <b>Sjá upplýsingar um kerfið í handbók eiganda.</b>	Allar lagnir, lokar og tæki ásamt tengingum og gegnumtökum skal skoðað og prófað með tilliti til leka, skipta skal um slöngur, loka og tæki ef vart verður við ágalla.	S/V	Búnaður ófullnægjandi.		3

#### Ábending

- Þar sem gaskerfi / gasbúnaður er til staðar er mælt með að hafa gasskynjara í íverustöðum.





8206 Rafkerfi			Diesel vélbúnaður *	8206 Rafkerfi			
Reglugerð	Túlkun Verklýsing	Upplýsingar	Skilgreiningar á dæmingum	Aðferð	Forsenda dóma/	Sérm.	Dæming
2.2.1.2 <a href="#">592/1994</a> gagnvart skemmtibátum sem ekki eru CE- merktir	Skemmtibátar skulu búnir rafkerfi í samræmi við þær reglur / staðla sem þeir eru smíðaðir eftir.  Við skoðun skal athuga, eins og komið verður við, ástand og frágang kerfisins og gangang úr skugga um hvort það vinni eins og til er ætlast.  - skoða skal ástand og frágang á:  • rafgeymum,	Gildistaka 30/11/1994	Rafgeymar skulu vera tryggilega festir og vera í loftræstum sýruheldum kóssum byrgðir að ofan með einangrandi loki.	S	Frágangur ekki í lagi.		3
		Gildistaka 22/01/1997	Sérhver rafgeymir, ræsi- og neyslurafgeymar, skulu hafa næga rýmd (Ah) til að uppfylla þær kröfur um að þeir standist það álag sem þeim er ætlað.	S	Uppfylla ekki kröfur.		2
2.2.1.10 <a href="#">168/1997</a> m.s.b. gagnvart skemmtibátum sem eru CE- merktir.		Gildistaka 22/01/1997  <b>ÍST EN ISO 10133:2000</b>  Upplýsingar um rýmd raf- geyma er að finna í hand- bók eiganda.	Rafgeymar skulu vera í stöðugri hleðslu þegar vélar eru í gangi og skal hleðslustráumur (A) ávalt vera nægjanlegur.	S/V	Hleðsla ófullnægjandi.		3
			Rafgeymar, pólur þeirra og geymasambönd skulu vera hrein og í lagi og samböndin vel fest á pólana.	S S	Umgengni ófullnægjandi. Pólur / geymasambönd tærð, þakin spansgrænu.		2 2
			Nægjanlegt vatn á að vera á öllum hólum í geymi sé ekki um þurrgeymi að ræða.	S	Vökvi undir lágmarks yfirborðshæð.		1
			Sýrustig í hólum geyma skal vera innan leyfilegra marka eins og framleiðandi gefur þau upp.	M	Eðlisþyngd er lægri en 1,24 g/cm <sup>3</sup> .		2
			Spenna má ekki falla undir:	M M	Spenna fer undir 11 V. Spenna fer undir 22 V.		3 3
			<ul style="list-style-type: none"> <li>• 11 V (á 12 V geymi) við álag.</li> <li>• 22 V (á 24 V geymi) við álag.</li> </ul>				

framhald á næstu síðu



8206 Rafkerfi - framhald			Diesel vélbúnaður *		8206 Rafkerfi - framhald		
Reglugerð	Túlkun Verklýsing	Upplýsingar	Skilgreiningar á dæmingum	Aðferð	Forsenda dóma/	Sérm.	Dæming
<p>2.2.1.2 <a href="#">592/1994</a> gagnvart skemmtibátum sem ekki eru CE-merktir</p> <p>2.2.1.10 <a href="#">168/1997</a> m.s.b. gagnvart skemmtibátum sem eru CE-merktir.</p>	<p>- skoða skal ástand og frágang á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>raflögnum með tilliti til skemmda og mögulegrar hitamyndunar,</li> <li>tengingum raflagna með tilliti til festingu þeirra, tæringar og skemmda,</li> <li>höfuðrofum, greina- töflu.</li> </ul>	<p>Gildistaka 30/11/1994</p> <p>Gildistaka 22/01/1997</p> <p>Upplýsingar um rafkerfið er að finna í handbók eiganda.</p>	<p>Á leiðara milli ræsi-rafgeymis og rafræsi skal vera höfuðrofi (tvíþóla rofi) og skal hann og tengingar leiðara í hann og rafræsi vera í lagi.</p>	S	1. Rofa vantar 2. Rofi óvirkur. 3. Tengingar ófullnægjandi.		2 2 2
			<p>Á leiðara milli neyslu-rafgeymis og greinatöflu skal vera höfuðrofi (tvíþóla rofi) og skal hann og tengingar leiðara í hann og greinatöflu vera í lagi.</p>	S	1. Rofa vantar 2. Rofi óvirkur. 3. Tengingar ófullnægjandi.		2 2 2
			<p>Ef neyslu-rafgeymir er notaður sem vara-rafgeymir fyrir rafræsi skal hann uppfylla kröfur um rýmd ræsi-rafgeymis og skal neyðarrofi vera á leiðara milli neyslu-rafgeymis og rafræsis.</p>	S	1. Rafgeymir ófullnægjandi. 2. Rofa vantar 3. Rofi óvirkur. 4. Tengingar ófullnægjandi.		2 2 2 2
			<p>Ástand og frágangur á raflögnum (rafleiðurum) skal vera í lagi.</p>	S	Frágangur ófullnægjandi, raflagnir lausar, skemmdar.		2
			<p>Gegnumtök raflagna skal vera í lagi.</p>	S	Sjáanleg hitamyndun.		3
			<p>Rafbúnaður skal vera tryggilega festur svo og allar festingar og tengingar strengja og víra.</p>	S	Ekki í lagi, frágangur ófullnægjandi.		2
			<ul style="list-style-type: none"> <li>tengistaðir skulu vera án tæringar eða skemmda,</li> <li>ummerki um hitamyndun gefa ávallt tilefni til frekari skoðunar.</li> </ul>	S	Frágangur ófullnægjandi.		2
	S	Tæring /skemmdir.		3			
	S	Sjáanleg hitamyndun í raflögnum (leiðurum), tengistöðum, rafbúnaði.		3			

framhald á næstu síðu



8206 Rafkerfi - framhald			Diesel vélbúnaður *	8206 Rafkerfi - framhald			
Reglugerð	Túlkun Verklýsing	Upplýsingar	Skilgreiningar á dæmingum	Aðferð	Forsenda dóma/	Sérm.	Dæming
2.2.1.2 <a href="#">592/1994</a> gagnvart skemmtibátum sem ekki eru CE- merktir		Gildistaka 30/11/1994	Ástand og frágangur á eftirfarandi skal vera í lagi: <ul style="list-style-type: none"><li>greinatöflu(m),</li><li>varbúnaði. (öryggjum),</li><li>tengidósum,</li><li>rofum og rafabúnaði,</li><li>tenglum,</li><li>ljósastæði,</li></ul>	S	Slæmt ástand á töflum.		2
2.2.1.10 <a href="#">168/1997</a> m.s.b. gagnvart skemmtibátum sem eru CE- merktir.		Gildistaka 22/01/1997  Upplýsingar um rafkerfið er að finna í handbók eiganda.	Landtengibúnaður skal vera samkvæmt reglum þar að lútandi.  Ef spenna landkerfis og bátskerfis er ekki sú sama skal komið fyrir spennu með aðskildum vöfum af réttu stærð.  Landtengiskápur (tafla) skal vera til staðar með tilskildum var-, rofa- og mælubúnaði ásamt merkingum.	S S S S S S S	Varbúnaður skemmdur. Tengirdósir skemmdar. Rofabúnaður skemmdur. Tenglar skemmdir. Ljósastæði skemmt  Búnaður af rangri gerð. Frágangur ófullnægjandi.  1. Spennubreiti vantar. 2. Af rangri gerð. 3. Frágangur ófullnægjandi.  Ekki fyrir hendi. Tengingar ófullnægjandi. Varbúnaður ófullnægjandi. Rofabúnaður skemmdur. Vantar V-mælir/merkjaljós. Vantar merkingar.		2 2 2 2 2 2 2 2 2 2 2 2

framhald á næstu síðu



8206 Rafkerfi - framhald			Diesel vélbúnaður *	8206 Rafkerfi - framhald			
Reglugerð	Túlkun Verklýsing	Upplýsingar	Skilgreiningar á dæmingum	Aðferð	Forsenda dóma/	Sérm.	Dæming
<a href="#">2.2.1.2</a> <a href="#">592/1994</a> gagnvart skemmtibátum sem ekki eru CE- merktir	- athuga skal og sannreyna: <ul style="list-style-type: none"><li>• virkni ljósa og tækja, hér með talið aðgerðir er snúa að stjórnun véla og vélbúnaðar s.s. hliðarskrúfu, akkerisvindu o.s.frv.</li></ul>	Gildistaka 30/11/1994  Gildistaka 22/01/1997  Upplýsingar um rafkerfið er að finna í handbók eiganda.	Spennibreytir 12 V eða 24 V / 220 V skal vera samkvæmt reglum þar að lútandi.  Raflagnir frá landtengiskáp / spennubreyti til notenda ásamt tilheyrandi búnaði (rofar og tenglar) skal vera í lagi.  Tenglar aðrir en 12 V/24 V skulu merktir málgildi.  Sannreyna skal að stjórnubúnaður aðalvélar sé virkur, þ.e. mælur og nemar starfi eðlilega.  Prófa hvort tæki og almennur ljósabúnaður virki eins og til er ætlast.	S S  S  S  S/V  S/V	Búnaður af rangri gerð. Frágangur ófullnægjandi.  Frágangur ófullnægjandi.  Tenglar ómerktir.  Stjórnubúnaður vélar starfar ekki eðlilega eða ekki virkur.  Tæki og almennur ljósabúnaður ekki virkur		2 2  2  3  2
<a href="#">2.2.1.10</a> <a href="#">168/1997</a> m.s.b. gagnvart skemmtibátum sem eru CE- merktir.	<b>Ef ástæða þykir til skal gera úleiðslumælingu (einangrunarmælingu) á rafkerfinu.</b>  * Um rafbúnað í vélarúmum skemmtibáta sem búnir eru bensínvél gilda sérstakar reglur.						



8207 Austurkerfi			8207 Austurkerfi					
Reglugerð	Túlkun Verklýsing	Upplýsingar	Skilgreiningar á dæmingum	Aðferð	Forsenda dóma/dæmi	Sérm.	Dæming	
2.2.1.2 <a href="#">592/1994</a> <a href="#">S-6</a> gagnvart skemmtibátum sem ekki eru CE- merktir	Skemmtibátar skulu búnir austurkerfi í samræmi við þær reglur sem þeir eru smíðaðir eftir.  Við skoðun skal athuga ástand og frágang kerfisins og ganga úr skugga um hvort það vinni eins og til er ætlast.	Gildistaka 30/11/1994 -----	Handdælur: Opnir bátar og bátar yfirbyggðir að hluta sem eru 6,0 m og lengri skulu búnir minnst einni handdælu sem skal vera föst í bátnum. Þílfarsbátar skulu búnir minnst tveimur handdælum sem báðar skulu vera fastar í bátnum. Aðra dæluna skal vera hægt að nota inni í bátnum en hina á þílfari.	S	Vantar.		3	
		Rafknúnar eða vélknúnar dælur koma ekki í stað handdælna. ----- Gildistaka 22/01/1997	<ul style="list-style-type: none"> <li>ástand og frágangur handdælanna skal vera í lagi og þær aðgengilegar til notkunar þó allir sætisbekkir, lúgur og önnur niðurgangsop séu lokuð.</li> <li>dæluhandföng skulu tengd við bátinn nema þau séu föst við dæluna.</li> </ul>	S	Vantar eina eða fleiri.		3	
2.2.1.10 <a href="#">168/1997</a> m.s.b. gagnvart skemmtibátum sem eru CE- merktir.		ISO-15083- 2003 ISO-28849- 1993	Rafknúnar austurdælur, ástand, virkni og frágangur skal vera í lagi.	S/V	1. Virkar ekki. 2. Handfang vantar 3. Frágangur á dælu. ófullnægjandi, dæla laus.		3 3 2	
		<b>Sjá upplýsingar um kerfið í handbók eiganda.</b>	Austurlagnir:	S	1. Virkar ekki. 2. Frágangur á dælu. ófullnægjandi, dæla laus.		3 2	
			<ul style="list-style-type: none"> <li>soglagningar skulu ná niður í lágsta hluta báts þar sem vatn kemur til með að safnast fyrir,</li> <li>ástand, frágangur ásamt tengingum og gegnumtökum skal / skulu vera í lagi,</li> </ul>	S	Soglögn rangt staðsett.		3	
			<ul style="list-style-type: none"> <li>lok / skiptilokar skulu vera í lagi,</li> <li>austursíur skulu vera í lagi,</li> </ul>	S	1. Ekki í lagi, skemmdar. 2. Frágangur ófullnægjandi.		3 3	
				<ul style="list-style-type: none"> <li>lok / skiptilokar skulu vera í lagi,</li> <li>austursíur skulu vera í lagi,</li> </ul>	S/V	Ekki í lagi, fastir, stíðir.		3
					S	Ekki í lagi, óhreinir.		3
			S/V	Virkar ekki.		3		
			Sjálvirkur austur, þar sem hann er, skal vera í lagi.					



8301 Mastur/bóma/reiðaslá/svanaháls			8301 Mastur/bóma/reiðaslá/svanaháls				
Reglugerð	Túlkun Verklýsing	Upplýsingar	Skilgreiningar á dæmingum	Aðferð	Forsenda dóma/ dæmi	Sérm.	Dæming
2.2.1.2 <a href="#">592/1994</a> gagnvart skemmtibátum sem ekki eru CE-merktir	<b>Skoða skal:</b> Mastur, stög vantfestingar, blakkir, upphöl með tilliti til ástands og virkni.	Gildistaka 30/11/1994	Mastur og búnaður þess skal vera heill. Til skemmda teljast, tæring, áverki, sprungur, og los á áföstum búnaði s. s. upphalsblökkum, gegnumtökum, og festibúnaði upphala og annars búnaðar..	S	Blakkarfesting skemmd.		2
2.2.1.10 <a href="#">168/1997</a> m.s.b. gagnvart skemmtibátum sem eru CE-merktir.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Bómu, ástand hennar, og festingar á bómu vegna búnaðar.</li> <li>Ástand reiðasláa og festingar þeirra við mastur og frágang staga á reiðaslám.</li> <li>Svanaháls og festingar hans við bómu og mastur, sérstaklega skal huga að sliti í bolta.</li> <li>Ástand upphala og úthala, <b>þar sem þau eru inni í mastri eða bómu</b>, þá skal sá hluti dreginn út og skoðaður.</li> </ul>	Gildistaka 22/01/1997	Bóma og búnaður hennar skal vera heill. Til skemmda telst ef blakkarfestingar og stillingar þeirra eru ekki í lagi	S	Tæring eða áverki		3
		<b>Sjá upplýsingar um búnaðinn í handbók eiganda.</b>	Reiðaslár og festingar þeirra skulu vera heilar og rétt uppsettar.	S	Stillingar blakkafestinga fastar.		2
			Svanaháls og festingar hans við reiða og mastur skulu vera heilar og óslitnar.	S	Gjökkt í festingu reiðaslár /grannir boltar í festingu.		3
			Upphöl, úthöl (sem eru inni í mastri og bómu) og samsetningar þeirra skulu vera heil og óskemmd ( <b>sjá einnig atriði 8303 Laus reiði</b> ).	S	Hlaup í ásbolta.		2
				S	Vantar læsingu/splitti á ásbolta.		2
				S	Upphöl / úthöl skemmd.		3

### Ábendingar.

Mælt er eindregið með að skoða mastur á landi í láréttri stöðu þar sem gott er að komast að því.



8302 Stög / vantfestingar				8302 Stög / vantfestingar			
Reglugerð	Túlkun Verklýsing	Upplýsingar	Skilgreiningar á dæmingum	Aðferð	Forsenda dóma/dæmi	Sérm.	Dæming
<u>2.2.1.2</u> <u>592/1994</u> gagnvart skemmtibátum sem ekki eru CE- merktir	Skoða skal stög, stagfestingar, vantstökkjara, vantfestingar og frágang þeirra.	Gildistaka 30/11/1994	Stög: Ekki má vera brot í stagvírur. Allir þættir í ryðfríum stagvír skulu vera heilir.  Stagfestingar: Athuga skal hvort sprungur eru í þilfari eða bol út frá stagfestingum / reiðajárnum. Skoða skal stagfestingar / reiðajárn neðan þilfars og athuga hvort lát er á festingum þeirra við þil eða bol.  Vantstökkjarar: Vantskrúfur skulu vera heilar. Gengið skal frá vantskrúfum á þann hátt að þær geti ekki skrúfað sig upp, <b>svo og að splitti þeirra og læsingar valdi ekki meiðslum.</b>	S S	Brot í stagvírur. Þáttur slitinn.		3 2
2.2.1.10 <u>168/1997</u> m.s.b. gagnvart skemmtibátum sem eru CE- merktir.		Gildistaka 22/01/1997  <b>Sjá upplýsingar í handbók eiganda.</b>	Stög, vantstökkjarar, og stagfestingar skulu vera samstæð, ekki má myndast brot milli stagfestingar og stags.	S S	Sprungur í þilfar / bol. Lát á stagfestingum.  Vantskrúfur bognar.  Frágangi staga ábótavant.		2 3 2 3



8303 Laus reiði			8303 Laus reiði				
Reglugerð	Túlkun Verklýsing	Upplýsingar	Skilgreiningar á dæmingum	Aðferð	Forsenda dóma/dæmi	Sérm.	Dæming
2.2.1.2 <u>592/1994</u> gagnvart skemmtibátum sem ekki eru CE- merktir	Skoða skal ástand á öllum lausum reiða.	Gildistaka 30/11/1994	Allur laus reiði skal vera heill og óskemmdur svo og lásar, blakkir og festingar þeirra.	S	Laus reiði skemmdur.		3
2.2.1.10 <u>168/1997</u> m.s.b. gagnvart skemmtibátum sem eru CE- merktir.		Gildistaka 22/01/1997		S	Tóg / vír, splæsingar skemmdar.		3
		<b>Sjá upplýsingar í handbók eiganda.</b>		S	Lásar/ blakkir / festingar, skemmdar.		3

**Ábendingar / upplýsingar.**

Til laus reiða (running rigging) teljast m.a. lausar bómur sem og skaut, falir og vírar sem eru til að lyfta, lækka og stilla seglbúnað og sem rennur í gegnum blakkir, hjól eða stýringar.





8304 Marstursfótur			8304 Marstursfótur				
Reglugerð	Túlkun Verklýsing	Upplýsingar	Skilgreiningar á dæmingum	Aðferð	Forsenda dóma/dæmi	Sérm.	Dæming
